



Fundargerð

399. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 13. október 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Ágústar Más Gröndal. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 398. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. september 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsæðis- og hafnarnefnd 10. október 2016.

Formaður nefnarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1501010 – Deiliskipulag – Tröllendi í Flatey.

Fyrir sveitarstjórn liggur deiliskipulagsuppráttur ásamt fornleifaskráningu á Tröllenda, unnið af Landmótun, dagsett 13. október 2016. Sveitarstjórn samþykkir að skipulagsfulltrúa sé falið að senda tillöguna til staðfestingar Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa tillöguna í B-deild Stjórnartíðinda þegar staðfesting Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

2.2 1004004 – Deiliskipulag – Innstipollur í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3 1608013 – Boðun á hafnasambandsþing 2016.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4 1609001 – Hyrningsstaðir lóð 8, 139583 – Umsókn um landskipti.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.5 1610003 – Króksfjarðarnes 139627 – Ósk um byggingaleyfi – viðbygging.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.6 1610004 – Hríshóll 2, 139596 – Umsókn um niðurrif mannvirkja 212-2192 – matshl. 05 fjárhús og 06 hlaða.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Fjallskilanefnd 12. október 2016.

Farið yfir fundargerðina.

Í fundargerðinni kemur fram tillaga frá nefndinni að lagt verði 2% á landverð allra jarða í sveitarfélaginu skv. 6. gr. fjallskilasamþykktar nr. 716/2014 til að mæta þeim kostnaði sem af fjallskilum leiðir, auk 20 kr. á hverja veturfóðraða kind.

Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndir nefndarinnar og samþykkir að VP og KK vinni frekar að málefninu, stofnun fjallskilasjóðs, með fjallskilanefnd. Samþykkt samhljóða.

4. 1. og 2. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðirnar og þær kynntar

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð kr. 100 þús. til Félags eldri borgara Dala og Reykhólahrepps vegna aksturs og kaffikostnaðar í tengslum við starfsemina árið 2016.

Mál til afgreiðslu

1. 1610011 - Alþingiskosningar 29. október 2016.

1.1 Afgreiðsla kjörskrár.

Fyrir sveitarstjórn liggur kjörskrárstofn frá Þjóðskrá Íslands, sveitarstjórn gerir eina athugasemd við kjörskrárstofninn vegna nýlegs andláts. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrá og skal hún liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Samþykkt samhljóða.

1.2 Staðsetning og tími kjörfundar.

Kjörstaður í Reykhólahreppi fyrir Alþingiskosningar verður í Stjórnsýsluhúsi að Maríutröð 5a og verður kjörstaður opinn kl. 10-18. Samþykkt samhljóða.

2. 1610012 - Starfsmannamál skrifstofu.

Erindi frá sveitarstjóra dagsett 10. október 2016.

Sveitarstjóri fór yfir erindið.

Guðrún Guðmundsdóttir hefur tekið tímabundið við starfi skrifstofustjóra vegna fæðingarorlofs. Embla Dögg Bachmann hefur verið ráðin tímabundið og er tekin við starfi ritara vegna veikinda.

Sveitarstjóri óskar eftir frekari fjárheimildum til að mæta auknum launakostnaði á skrifstofu, 1,1 milljón kr.

Sveitarstjórn samþykkir aukna fjárveitingu kr. 1,1 millj. kr. til skrifstofunnar, deild 2140, og skal það fjármagnast af eigin fé. Samþykkt samhljóða.

3. 1610014 - Stuðningur við Snorraverkefnið 2017.

Erindi frá Snorrasjóði dagsett 6. október 2016.

Sveitarstjórn styður ekki við verkefnið að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1610007 – Greinargerð um framkvæmdir Reykhólahrepps 2016.

Greinargerð frá umsjónarmanni fasteigna dagsett 8. október 2016.

Greinargerð lögð fram og kynnt. Sveitarstjórn vill taka fram að ekki hefur formlega verið tekin ákvörðun um stækkun Hólabúðar.

2. 1510008 – Svæðisskipulag fyrir Reykhólahrepp, Dalabyggð og Strandabyggð.

Svar Skipulagsstofnunar við beiðni um kostnaðarframlag vegna svæðisskipulagsgerðar, dagsett 28. september 2016.

Skipulagsstofnun fellst á að kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði verði í heild kr. 15.550.000 vegna svæðisskipulagsgerðar fyrir Reykhólahrepp, Dalabyggð og Strandabyggð.

3. 1610005 – Umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði 2016 – Verndarsvæði í byggð – Flatey á Breiðafirði.

Svar Minjastofnunar við umsókn Reykhólahrepps, dagsett 14. september 2016.

Minjastofnun úthlutaði Reykhólahreppi 4.485.000 kr. í verkþætti sem stofnunin telur að þurfi að ljúka vegna gerðar tillögu um verndarsvæði í byggð, þorpið í Flatey.

4. 1610006 – Úttekt slökkviliða 2016 – Reykhólahreppur.

Erindi og úttekt Mannvirkjastofnunar dagsett 5. september 2016.

Úttekt lögð fram og kynnt. Fjöldi atriða kom fram sem þarf að lagfæra og færa í betra horf. Fyrirhugaður er fundur sveitarstjóra og oddvita Reykhólahrepps, Strandabyggðar og Dalabyggðar þar sem málefni slökkviliðanna verða rædd.

5. 1610008 – Form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.

Erindi frá innanríkisráðuneyti dagsett 3. október 2016.

Lagt fram og kynnt.

6. 1304010 – Hunda- og kattahald í Reykhólahreppi.

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 22. september 2016 og birting í B-deild Stjórnartíðinda.

Lagt fram og kynnt, framkvæmd samþykktarinnar vísað til vinnslu í umhverfis- og náttúruverndarnefnd.

7. **1610009 – Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar við kosningar til Alþingis 29. október 2016.**
Erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 8. október 2016.

Lagt fram og kynnt. Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við það að skrifstofa sveitarfélagsins taki að sér framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir embætti Sýslumannsins, verði eftir því óskað.

8. **1610010 – 5. fundur stjórnar BsVest 22. ágúst 2016 og 57. fundur verkefnahóps BsVest 22. ágúst 2016.**

Fundargerð lögð fram og kynnt.

9. **1603008 – 108. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis.**

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

1. **1610015 - Aukafjárveiting til Barmahlíðar.**

Sveitarstjórn samþykkir að veita kr. 1,5 millj. í aukafjárveitingu til hjúkrunarheimilisins vegna kaupa á léttartækjum, deild 5311, fjármagnist af aukafjárveitingu til heimilisins. Samþykkt samhljóða.

2. **1610016 – Tilnefning fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd.**

Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dagsett 5. október 2016.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps tilnefnir Signýju M. Jónsdóttur og Eirík Snæbjörnsson sem fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____